

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 21. maí 2013 í máli nr. S-10/2013:

### Ákærvaldið

*(Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Haukur Guðmundsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 15. maí 2013, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 28. desember 2012 á hendur X, kt. [...], [...], fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins [...] 2012, í svefnherbergi á heimili A að [...], haft munnmök við A gegn vilja hans, en ákærði notfærði sér það að A gat ekki spornað við kynferðismökunum sökum ölvunar, vímuefnaáhrifa og svefndrunga.

Þetta er talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A er gerð krafa um miskabætur úr hendi ákærða að fjárhæð 1.000.000 króna, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. september 2012 til 3. nóvember 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegrar þóknunar sér til handa.

I.

Samkvæmt skýrslu lögreglu lagði brotþoli máls þessa, A, fram kæru hjá lögreglu 27. september 2012 á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot. Brotþoli skýrði frá því að hafa verið á fylleríi, á laugardagskvöldi, í afmæli ákærða. Það kvöld hefði ákærði komið út úr skápnunum gagnvart sér og vinum þeirra, þ.e. sagt að hann væri tvíkynhneigður og þeir hefðu tekið því vel. Eftir að hafa skemmt sér hefðu þeir fjórir vinir tekið leigubíl heim til brotþola, en hann hefði leyft þeim að gista þar sem þeir hefðu ekki átt mikinn pening til að taka leigubíl í allar áttir. Þegar þangað var komið hefðu þeir haldið áfram að drekka og spjallað saman. Það hefði verið rosalega gaman en svo hafi komið að því að hann hafi fengið nóg. Hann hafi farið inn í rúm og drepist. Hann hefði hins vegar áður búið um alla hina, en þeir hefðu sofið í sófum heima hjá honum. Brotþoli kvaðst hafa farið inn í herbergi og

sofnað, um klukkan sjö að því er hann hélt. Brotapoli hélt að klukkan hefði verið um níu eða tíu um morguninn þegar hann hefði vaknað við það að næturgestur var undir sæng hans. Í sekúndubrot hefði brotapoli haldið að konan hans væri komin frá [...] en hann hefði strax áttað sig á því að þetta var ákærði undir sænginni að sjúga typpið á brotþola. Brotapoli hefði gjörsamlega farið í sjokk og ýtt honum einhvern veginn í burtu og snúið sér á hina hliðina og reynt að halda áfram að sofa. Brotapoli hefði sofnað aftur og þetta svo endurtekið sig einu sinni, en brotapoli hefði vaknað aftur við ákærða og ýtt honum aftur í burtu og spurt hvað í fjandanum hann væri að gera. Brotapoli hefði sofnað aftur en svo vaknað um hádegisd, gjörsamlega sjokkeraður. Hann hefði farið út og fengið sér sígarettu, ræst strákana, skutlað þeim heim og svo talað við ákærða. Hann hefði sagt við ákærða að hann hljóti að hafa gert sér grein fyrir því hvað hann hefði gert og það flokkist undir nauðgun. Hann hefði gert ákærða fulla grein fyrir því. Ákærði hefði beðist afsökunar, en brotþola hefði ekki fundist mikið vera til í afsökunarbeiðni hans. Jafnframt sagði brotþoli að hann vissi ekki af hverju hann hefði keyrt brotþola heim en hann hefði átt að láta hann labba. Þeir hefðu ekkert ræðst við eftir þetta.

Nánar spurður um atvik sagði brotþoli að hann hefði verið með samkvæmi fyrr um kvöldið heima hjá sér, áður en farið var niður í bæ. Þeir hefðu svo farið fjórir saman heim til brotþola. Brotþoli kvaðst hafa farið einn í rúmið og ákærði átt að sofa á stað sem var tveimur herbergjum frá brotþola. Jafnframt sagði brotþoli að ákærði hefði verið í rúminu hjá sér þegar hann vaknaði um hádegisd, en ákærði hefði sofíð á brúninni á rúminu. Brotþoli kvaðst hafa þekkt ákærða í mörg ár og þeir hefðu verið góðir vinir og hann hefði aldrei átt von á því að ákærði myndi gera þetta. Einnig sagði brotþoli að ákærði hefði komið af stað kjaftasögu um sig, þess efnis að hann hefði beðið um þetta og verið samþykkur þessu. Þá sagði brotþoli að fyrr um kvöldið hefði ákærði óbeint boðið brotþola að gera þetta við hann, en ákærði hefði sagt að hann langaði til að gera svona fyrir þá sem honum þætti vænt um og hann hefði gert þetta við annan mann, sem hefði beðið ákærða um að gera þetta. Brotþoli hefði neitað og sagt að þetta væri ekki fyrir sig. Enn fremur hefði hann sagt ákærða að hann ætti kærustu.

Brotþoli kvaðst hafa sagt systur sinni fyrst frá því sem hefði gerst, eftir að hann hefði ekið öllum heim, en hann hefði farið heim til hennar. Þá hefði hann seinna um daginn eða daginn eftir sagt B vini sínum, hvað hefði gerst. Þá sagði brotþoli að hann hefði sagt kærustu sinni, sem hafi verið úti í [...], frá atvikum, kannski tveimur dögum síðar. Einnig greindi brotþoli frá því að einn af þeim sem gisti hjá honum, C, hefði sagt sér frá því að hann hefði komið inn í herbergið hjá sér og séð ákærða í rúminu. Þá kom fram hjá brotþola að ákærði hefði fyrst sagt frá kynhneigð sinni þegar þeir voru niðri í bæ og svo hefðu þeir rætt þetta aftur þegar þeir komu heim til brotþola. Ákærði hefði verið leiður út af „dæminu með hinn“ og vegna þess að hann væri kominn út úr skápnum og brotþoli hefði „peppað hann upp til að hafa gaman af lífinu“.

Þegar brotþoli var spurður hvernig hann hefði verið klæddur þegar hann fór að sofa kvaðst hann hafa verið á nærbuxunum en það hafi verið búíð að klæða hann úr þeim þegar hann vaknaði. Ákærði hefði verið fullklæddur. Nánar um atvik þegar ákærði var undir sænginni hjá brotþola kvaðst brotþoli hafa flett sænginni af sér og ýtt ákærða einhvern veginn í burtu. Brotþoli hefði svo vafið sig inn í sængina og velt sér á hliðina. Brotþoli hélt að hann hefði ekkert sagt við ákærða í fyrra skiptið en minnti að ákærði hefði afsakað sig. Brotþoli sagði jafnframt að þetta

væri rosalega þokukennt og hann hefði verið rosalega drukkin. Brotapoli hélt að það hefðu liðið fimm mínútur þangað til ákærði byrjaði aftur og þá hefði hann strax vitað að ákærði hafi verið að verki. Þetta hefði allt gerst á tíu eða fimmtán mínútum. Brotapoli kvaðst hafa vaknað með reistan getnaðarliminn. Í seinna skiptið sem brotapoli hefði vaknað við ákærða hefði hann sagt við ákærða: „Hvað í ósköpunum ertu að gera, hvað ertu að þæla drengur ...“ Ákærði hefði haldið áfram að afsaka sig og brotapoli snúið sér út í horn og sofnað.

Um áfengisneyslu sína sagði brotapoli að áður en hann fór niður í bæ hafi hann drukkið 4-6 stóra venjulega lagerbjóra, tvo Egils sterka, tvo einfalda whisky í kók og eina vodkablöndu. Niðri í bæ hefði hann drukkið a.m.k. þrjá bjóra, eitt Tequila skot og svokallað töfrateppi með orkudrykk og einnig „Irish Car Bomb“, en þá væri Bayley's skot sett út í stóran Guinness og svo væri þetta þambað. Þegar brotapoli kom heim hafi hann fengið sér einn eða tvo bjóra. Hann kvaðst hafa byrjað áfengisdrykkju um klukkan níu eða tíu um kvöldið og hætt níu um morguninn. Hann hefði verið vankaður undir lokin, slappur og þreyttur. Um ástand ákærða sagði brotapoli að hann hefði verið fullur og vitlaus en ekki ofurölvi. Spurður af hverju hann hefði ekki brugðist við á annan hátt þegar hann vaknaði við ákærða í fyrra skiptið kvaðst hann hafa spurt sjálfan sig að því mörgum sinnum. Hann hefði bara brugðist svona við, fengið sjokk og frosið.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 3. október 2012. Þegar hann var beðinn um að tjá sig um sakarefnið sagði hann: „Ja mér fannst þetta í rauninni ekki vera kynferðisbrot sko þar sem að ég fékk bæði hér svona tilvísun um leyfi og svo fékk ég beint út sagt gjörðu svo vel.“ Ákærði teldi því ekki um neitt brot að ræða. Beðinn um að útskýra hvað hann ætti við með „tilvísun um leyfi“ sagði ákærði að brotapoli hefði klætt sig sjálfur úr fötunum.

Ákærði greindi frá því að um kvöldið hefðu þeir verið sex eða sjö saman heima hjá brotápola. Þetta hafi verið afmælispartí ákærða en þetta hafi ekki verið afmælisdagurinn sjálfur. Þeir hefðu svo farið niður í bæ og svo hefðu ákærði, brotapoli og tveir aðrir farið aftur heim til brotápola um nóttina, um klukkan fimm. Þeir hefðu farið nánast strax að sofa, en brotapoli hefði raðað þeim niður á herbergi. Ákærði hefði lagst til hvílu í einu herberginu og brotapoli í öðru herbergi. Ákærði hefði ekki getað sofnað, staðið upp og ráfað um íbúðina. Hann hefði svo farið inn í herbergið til brotápola og spurt hvort hann mætti fara í tölvuna þar. Brotapoli hefði þá „murlað“ svona: „Já, já ekkert mál.“ Ákærði hefði þá sest við tölvuna og verið þar í einhvern smátíma. Hann hefði svo lagst upp í rúm til brotápola og þegar hann hafi verið búinn að liggja þar í örfáar mínútur hafi hann lagt höndina á maga brotápola og fært hana neðar. Það hafi verið þá sem brotapoli hafi sýnt einhver viðbrögð. Brotapoli hefði tekið nærbuxurnar niður og sparkað þeim frá sér. Ákærði hefði þá „farið niður á hann“ og stundað munnmök. Ákærði hefði svo hætt stuttu síðar, farið úr rúminu, sest í stólinn og verið með bakþanka. Hann hefði spurt sig hvort þetta væri sniðugt og þá hefði brotapoli tekið sængina aðeins af sér, snert sig og sagt: „Gjörðu svo vel X.“ Ákærði hefði þá byrjað aftur munnmök og brotapoli fengið sáðlát. Þeir hefðu svo lagst niður og sofnað. Þeir hefðu vaknað á sama tíma daginn eftir og þá hafi hinir strákarnir líka verið komnir á fætur og brotapoli skutlað þeim heim, en hann hefði keyrt sig síðast heim. Þegar þeir hafi verið tveir einir í bílnum hafi brotapoli sagt að honum þætti þetta svolítið óþægilegt og þá hefði ákærði sagt: „Já fyrirgefðu þetta átti ekki að gerast og þetta var náttúrulega aldrei planað.“ Brotapoli hefði sagt að hann fyrirgæfi þetta alveg en hann myndi

seint gleyma þessu. Þeir hefðu ekkert talað saman eftir þetta. Kærasta ákærða hefði hins vegar komið í vinnuna til sín nokkrum dögum síðar. Hún hafi verið mjög reið, skammað sig og talað um að þetta hefði verið nauðgun. Ákærði sagði jafnframt að brotþoli hefði ekki sýnt merki um neitt daginn eftir nema að hann hafi sagt að honum hefði fundist þetta hafa gengið aðeins of langt. Ákærði hefði skilið þetta þannig að þetta hefði ekki átt að gerast og þeir myndu yfirstíga þetta. Ákærði sagði svo við yfirheyra: „Þú veist þetta hafi ekki verið neitt merkilegt, þetta varð aldrei neitt þú veist svona alvöru ... ég get eiginlega ekki sagt alvöru kynlíf en þetta var, ég var í fötunum mínum allan tímann. Ég vil taka það fram líka.“ Spurður hvernig brotþoli hefði verið klæddur sagði ákærði að brotþoli hefði verið nakinn eftir að hann hafi verið farinn úr nærbuxunum og að ákærði hefði bara haldið að þeir myndu ná að yfirstíga þetta.

Um áfengisneyslu sína sagði ákærði að hann hefði um kvöldið heima hjá brotþola drukkið 350 ml af vodka blandað í orkudrykk. Þá sagði ákærði að á bar niðri í bæ hefðu þeir prófað snúningshjól þar sem hægt var að vinna drykki og þeir hefðu unnið um 25 bjóra sem þeir hefðu skipt á milli sín. Ákærði hefði því drukkið 4 eða 5 bjóra. Jafnframt hefði hann reykt maríhúana eða kannabis og svo hafi honum verið boðin ein lína af amfetamíni eða spítti sem brotþoli og C hafi átt saman. Áfengisneyslu sína kvað ákærði hafa byrjað um áttaleytið um kvöldið og hann hafi hætt drykkju klukkan tvö eða þrjú um nóttina. Ákærði sagði að hann hefði verið „nett fullur“. Um ástand brotþola sagði ákærði að hann „var bara svona eins og venjulega í rauninni þegar hann drekkur bara mjög ... hann var ekki í neinu óráði beint sko hann gat alveg framkvæmt hluti á eðlilegan hátt nema hann var bara fullur“.

Spurður um ástæðu þess að hann greindi brotþola frá kynhneigð sinni sagði ákærði að brotþoli hefði frétt af því að ákærði og annar strákur hefðu átt í kynferðislegum samskiptum og spurt hvort það væri satt. Ákærði hefði þá sagt að það væri satt og hann teldi sig vera tvíkyndig og sagt frá því sem hefði gerst. Innur eftir því af yfirheyra hvort það hefði verið eitthvað svipað og með brotþola sagði ákærði: „Jaa að hluta til en hann sem sagt það var líka með samþykki hans og það átti heldur ekki að eiga sér stað, það var líka undir áhrifum áfengis og hérna eftir það þá höfum við ekki mikið talað mikið saman sko.“ Ákærði var þá spurður hvað hann meinti með að þetta hefði ekki átt að gerast og svaraði hann að þetta hefði bara verið einhver skyndihugdetta á því augnabliki þegar hann lá við hliðina á þeim. Beðinn um að útskýra þetta nánar sagði ákærði: „Bara það í rauninni, ég lagðist upp í rúm og svo byrjaði ég að finna fyrir bara þú veist ég var að verða graður bara og langaði sem sagt að gera eitthvað með einhverjum og í rauninni rétti bara út höndina á næstu manneskju sem var við hliðina á mér sko og já þá byrjaði þetta. Þetta var aldrei neitt sko neitt plan ég var ekkert búinn að hugsa út í þetta áður eða neitt þannig sko.“ Spurður hvað brotþoli hafi verið að gera þegar ákærði byrjaði sagði ákærði að hann hefði bara legið við hlið sér. Þá kom fram hjá ákærða að það hefðu liðið kannski 10 eða 15 mínútur frá því allir fóru að sofa og þar til ákærði fór inn í herbergið til brotþola og fór í tölvuna þar. Hann hefði svo verið í tölvunni í kannski hálf tíma áður en hann lagðist upp í hjá brotþola. Spurður hvort brotþoli hefði verið vakandi allan tímann kvaðst ákærði ekki vera alveg klár á því. Um það hvort brotþoli hefði verið vakandi þegar ákærði lagði hönd sína á maga hans sagði ákærði að það gæti vel verið en það gæti líka verið að hann hafi ekki verið það. Brotþoli hefði alla vega ekki sýnt nein viðbrögð við því. Þá var ákærði spurður hvort hann hefði sagt við strákana, þegar hann talaði

við þá um kynhneigð sína, að hann vildi gjarnan gera eitthvað kynferðislegt við þá. Ákærði svaraði að hann hefði minnst á það við brotþola að hann gæti spurt sig ef það væri eitthvað sem hann langaði til að gera og brotþoli sagt „nei nei“ og farið að hlæja. Þá kvaðst ákærði hafa vitað að brotþoli ætti kærustu.

Nánar spurður um ástæðu þess að ákærði leit svo á að brotþoli hefði verið samþykktur munnmökum kvaðst hann hafa tekið því sem samþykki þegar brotþoli hefði klætt sig úr fötunum. Fyrst brotþoli hafi getað tekið sig úr fötunum hljóti hann að hafa getað séð hver þetta væri. Brotþoli hefði farið úr nærbuxunum en hann hefði sparkað þeim með fötunum, fyrst dregið þær aðeins niður og svo sparkað þeim frá sér. Ákærði hefði þá byrjað munnmökin en svo hætt þar sem hann hefði fengið smá bakþanka og hugsað að kannski væri þetta ekki rétt, af því þeir væru vinir. Kannski myndi brotþola ekki lítast á þetta og ákærði hafi ekki viljað hætta á að skemma vináttu þeirra. Ákærði var þá spurður af yfirheyranda hvort hann væri með þessu að segja að brotþoli hafi í rauninni ekki vitað hvað hafi verið að gerast og kvaðst ákærði ekki vera að segja það heldur að kynferðislegt athæfi passaði ekki inn í vinasambandi. Ákærði hefði því fengið bakþanka og hugsað að hann ætti frekar að fara að sofa en svo hafi brotþoli sagt „gjörðu svo vel“ og ákærði þá hugsað með sér að mögulega væri þetta bara allt í lagi og „kannski sé þetta eitthvað sem hann vilji líka“.

Framburður ákærða var borinn undir brotþola hjá lögreglu 21. nóvember 2012, m.a. um fíkniefnaneyslu þeirra. Brotþoli sagði að það væri rétt að þeir hefðu neytt kannabis um kvöldið og C hefði átt afgang af spítti. C hefði svo keypt um 2 g af kókaíni um klukkan þrjú um nóttina og þeir hefðu allir fengið af því. Um áhrif þess sagði brotþoli að hann hefði verið meira vakandi um nóttina. Þeir hefðu klárað spíttið á milli klukkan 11 og 12 á miðnætti. Brotþoli kvaðst ekki vera viss hvort þeir hefðu reykt kannabis eftir að þeir komu aftur heim til hans. Brotþoli hefði verið orðinn mjög þreyttur og áhrif kókaíns farin. Þá kom fram hjá brotþola að í fyrstu hafi hann ekki verið viss hvort hann ætlaði að kæra ákærða. Honum hefði fundist það stór ákvörðun. Honum hefði liðið eins og búið væri að svipta hann einhverju stolti og það hafi verið erfið hugsun að fara á lögreglustöð og kæra slíkan atburð. Einnig kom fram hjá brotþola að hann kannaðist ekki við að ákærði hefði komið inn í herbergi til hans og spurt hvort hann mætti fara í tölvuna. Brotþoli hafi verið meðvitundarlaus eða sofandi. Hvað varðar framburð ákærða um að brotþoli hafi klætt sig úr nærbuxunum og sagt „gjörðu svo vel“ sagði brotþoli að þetta hefði ekki gerst. Þá neitaði brotþoli því að hann hefði fengið sáðlát og ekkert hefði bent til þess. Það gæti hins vegar verið að honum hafi risið hold í svefni. Ekki er ástæða til að rekja framburð brotþola frekar.

Hinn 1. október 2012 voru skýrslur teknar hjá lögreglu af vitnunum D, systur brotþola, C og B og hinn 20. nóvember 2012 var tekin skýrsla af E, kærustu brotþola. Verður vísað til framburðar þeirra hjá lögreglu síðar, eftir því sem ástæða er til.

## II.

Samkvæmt gögnum málsins kom brotþoli á Neyðarmóttöku 18. september 2012 og var vísað til sálfræðings, Sjafnar Evertsdóttur. Í vottorði sálfræðingsins, dags. 25. mars 2013, segir í samantekt að hún hafi hitt brotþola sjö sinnum á tímabilinu 26. september 2012 til 5. mars 2013, vegna meints kynferðisofbeldis. Brotþola

hafi verið veittur sálrænn stuðningur og fræðsla, auk þess sem endurtekið greiningarmat hafi farið fram og byrjað hafi verið að veita honum sérhæfða áfallamiðaða hugræna atferlismeðferð. Þá segir í vottorðinu að sálræn einkenni brotþola samsvari einkennum sem séu vel þekkt hjá fólki sem hafi upplifað áföll eins og nauðgun, líkamsárás, stórslys eða hamfarir. Ef ákveðin einkenni séu enn til staðar mánuði eftir áfallið og ef þessi einkenni valdi truflun á ýmsum sviðum daglegs lífs sé talað um áfallastreituröskun samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum. Niðurstaða greiningarmats hafi verið sú að brotþoli hafi verið greindur með áfallastreituröskun og þunglyndi í kjölfar meints kynferðisofbeldis sem hafi átt sér stað 15. september 2012. Hann hafi mætt ágætlega á meðferðartímabilinu og unnið heimaverkefni þótt forðun hefði verið töluverð í upphafi. Hugsun hans í viðtölum hafi virst vera skýr, hann hafi verið samkvæmur sjálfum sér og virst einlægur í frásögn og hreinskilinn um upplifun sína. Ekki væri hægt að segja með vissu hve langan tíma meðferð taki eða hvort bati náist og bakslag væri nokkuð algengt í kjölfar farsællar úrvinnslu. Því sé mikilvægt að þolendur vinni stöðugt að því að styrkja eigin bjargráð og fái stuðning fagaðila við þá vinnu ef þörf er á.

### III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

*Ákærði* kvaðst hafa hitt brotþola og þeir hefðu ákveðið að hann kæmi um kvöldið í teiti heim til brotþola. Þetta hafi verið afmælisnótt ákærða, þ.e. aðfaranótt [...]. Heima hjá brotþola hafi ákærði drukkið 350 ml af vodka sem hann hefði blandað í orkudrykk. Þá hefðu þeir reykt maríhúana og neytt amfetamíns. Þeir hefðu svo haldið niður í bæ og haldið áfram að drekka. Eftir þetta, um klukkan fimm um nóttina, hefðu þeir haldið heim til brotþola en ákærði hafi ásamt tveimur öðrum ætlað að gista þar. Rétt áður en þeir fóru heim til brotþola hafi C, eða C og brotþoli, keypt aukagramm af spítta eða kókaíni og ákærði hefði fengið sér af því ásamt þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis eftir að þeir komu heim til brotþola en einhverjir hefðu drukkið eitthvað, kannski einn bjór. Þá hefðu þeir allir reykt eina jónu. Þegar allir hafi verið lagstir upp í rúm, um klukkan sex eða hálf sjö, hafi ákærði fundið að hann gæti ekki sofnað, líklega vegna fikniefnaneyslunnar, og ráfað um. Hann hefði farið inn í herbergi til brotþola og spurt hvort hann mætti fara í tölvu sem þar var og brotþoli svarað játandi. Þegar ákærði hafi verið búinn að vera í tölvunni í smátíma hafi hann lagst upp í rúm til brotþola. Ákærði kvaðst hafa lagt hönd sína á maga brotþola og svo fært hana neðar. Brotþoli hefði þá sýnt viðbrögð með því að klæða sig úr nærbuxunum. Ákærði hefði tekið því sem samþykki og „farið niður á hann“ og stundað við hann munnmök. Ákærði hefði hætt eftir örlitla stund þar sem hann hefði séð að sér og ekki viljað þetta sjálfur. Þetta hefði ekki verið rétt og hann ekki viljað hætta vináttu þeirra vegna einhvers svona. Það hafi verið þá sem brotþoli hefði horft á ákærða og runkað sér og sagt: „Gjörðu svo vel X.“ Þá hafi ákærði byrjað aftur munnmök og brotþoli fengið fullnægingu. Þeir hefðu svo lagst niður og farið að sofa. Þeir hefðu svo vaknað daginn eftir og brotþoli keyrt ákærða og hina tvo heim. Fram kom hjá ákærða að þeir hefðu allir verið „grútpunnir“.

Þá sagði ákærði að hann hefði sagt brotþola frá því áður en þeir fóru að sofa að hann væri tvíkynehneigður. Spurður hvað hefði liðið langur tími frá því allir fóru að sofa og þar til ákærði fór inn í herbergið til brotþola sagði ákærði að það

hefðu verið fimm mínútur. Ákærða var þá bent á að hann hefði ekki reynt mikið að sofna úr því hann var kominn í herbergi brotþola fimm mínútum eftir að hann lagðist til hvílu og sagði ákærði að hann hefði fundið strax að hann væri enn undir áhrifum fíkniefnanna og hann hafi verið spennur og æstur. Inntur eftir því hvort brotþoli hafi verið sofandi þegar ákærði kom inn í herbergið til hans sagði ákærði að brotþoli hefði alla vega svarað þegar hann spurði hvort hann mætti fara í tölvuna. Ákærði hafi því ályktað að brotþoli hafi ekki verið sofnaður. Var þá borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu, um að brotþoli hefði muldrað „jaja“, og sagði ákærði að hann hefði ekki opnað augun. Ákærði kvaðst hafa verið á bilinu 15-30 mínútur í tölvunni. Á meðan hefði brotþoli legið í rúminu. Spurður hvort brotþoli hafi þá verið sofandi sagði ákærði að það gæti vel verið að hann hafi alla vega verið milli svefns og vöku. Jafnframt sagði ákærði að það hafi ekki verið nein ákvörðun á bak við það að fara upp í rúm til brotþola. Ákærði hefði bara staðið upp og lagst niður. Hann kvaðst ekki geta útskýrt það á neinn skiljanlegan hátt, en hann hefði verið orðinn dasaður og lagst niður. Á því augnabliki sem hann hafi lokað augunum hafi hann dreymt um að gera eitthvað eða eiga í „kynferðislegu athafni við einhvern“. Hann hefði svo lagt höndina á maga brotþola. Brotþoli hefði ekki sýnt nein viðbrögð við því en um leið og ákærði hefði fært höndina neðar hafi brotþoli klætt sig úr nærbuxunum. Nánar tiltekið hefði brotþoli legið á bakinu, lyft sér upp og sparkað fótunum upp í loftið. Ákærði kvaðst ekki hafa séð hvað hafi orðið um nærbuxurnar. Brotþoli hefði verið með sængina yfir sér þegar hann hafi klætt sig úr, en svo hefði hann dregið sængina af sér. Brotþoli hefði ekki sagt neitt á þessum tímamarki. Ákærði kvaðst hafa farið niður á brotþola og stundað munnmök og brotþoli ekki sagt neitt. Sængin hefði þá verið við læri brotþola. Ákærði kvaðst hafa hætt af sjálfsdáðum og sest við tölvuna. Hann hefði hugsað að þetta væri kannski eitthvað sem hann vildi ekki sjálfur, þ.e. að samband þeirra myndi fara út í þetta, en hann hefði aldrei áður hugsað kynferðislega til brotþola og hann vildi í raun ekki gera þetta með honum. Þetta hafi bara verið „in the moment“ og hann hafi sagt „sorry“ við brotþola og að hann hafi aldrei ætlað að gera þetta, en þá hafi brotþoli litið á ákærða, strokið sér og sagt: „Gjörðu svo vel X.“ Ákærði hefði þá byrjað aftur að hafa munnmök við brotþola, sem hefði fengið sáðlát upp í munn ákærða og hann hefði kyngt sæðinu. Þeir hefðu svo lagst niður og sofnað.

Ákærði sagði að eftir að brotþoli var búinn að keyra B og C heim hafi hann og brotþoli rætt um að minnast ekki á þetta við neinn og að þeir hefðu báðir séð mjög mikið eftir þessu og ákærði hefði beðið brotþola afsökunar, af því að honum hefði fundist að þetta hafi verið eitthvað sem þeir vildu ekki, en ákærði hafi ekki viljað hætta vináttu þeirra út af einhverju svona. Ákærði hafi því séð eftir þessu. Ákærði kannaðist við að brotþoli hefði sagt í bílnum að honum hefði líðið eins og þetta hefði verið nauðgun. Ákærði hafi þá sagt: „Hvernig heldur þú að mér líði.“

Þá greindi ákærði frá því að kærasta brotþola hefði nokkrum dögum síðar komið til sín í vinnuna. Þau hefðu farið afsíðis og hún byrjað að öskra á sig. Hún hafi sagt að þetta hefði verið nauðgun, að ákærði væri ógeðslegur og fleira í þeim dúr. Ákærði sagði að hann hefði aldrei komist að til að segja neitt og hann hefði alltaf kinkað kalli og grátið. Ákærði neitaði því að hann hefði viðurkennt við kærustu brotþola að hann hefði gert þetta gegn vilja brotþola. Hún hefði tekið því þannig vegna þess að hann hefði kinkað kalli. Ákærði var spurður um ástæðu þess að hann kinkaði kalli og kvaðst hann ekki hafa vitað hvað hann ætti að gera. Hann hefði verið í algjöru uppnámi og grátandi. Spurður af hverju hann hefði grátið kvaðst

hann hafa verið í uppnámi og séð eftir þessu og honum finnst óþægilegt þegar talað sé til sín háum rómi og þeim tóni sem hún hafi notað, en honum hafi fundist eins og hann væri kúkur sem hún hafi verið að sparka í.

Um ástand brotþola um nóttina, áður en þeir fóru að sofa, sagði ákærði að hann hefði ekki litið út fyrir að vera ofurölvi. Brotþola hefði tekist að breiða yfir C og láta þá alla fá herbergi og þeir hefðu átt náið samtál hálf tíma áður, um kynhneigð ákærða. Hvað varðar viðbrögð brotþola við því þegar ákærði skýrði frá kynhneigð sinni sagði ákærði að brotþola hefði verið alveg sama og honum ekki fundist þetta neitt mál. Þetta væri bara frábært. Jafnframt sagði ákærði að brotþoli hefði ekki gefið í skyn að hann hefði áhuga á karlmönnum eða að vera með ákærða. Enn fremur kvaðst ákærði hafa vitað að brotþoli átti kærustu. Ákærði var þá spurður hvernig honum hafi í ljósi þessa dottið í hug að leita á brotþola uppi í rúminu, að leggja hönd á maga hans og færa hana á kynfærin. Ákærði svaraði því til að þetta hefði gerst svo hratt. Hann hefði lagst upp í rúmið og engin hugsun verið á bak við þetta. Ákærði sagði að hann hefði bara lagst upp í og fundið næstu manneskju við hlið sér og athugað hvort það væri „einhver áhugi, í rauninni í gegnum þessa aðferð sem ég notaði“. Hann hefði bara leikið þetta af fingrum fram. Nánar spurður um ástæðu þess að ákærði lagðist upp í rúmið til brotþola sagði ákærði að hann hefði fundið þegar hann sat við tölvuna að hann vildi fara að sofa fljótlega. Ákærði kvaðst ekki hafa lagst upp í rúmið vegna þess að hann vildi kynferðisleg samskipti. Þá var ákærði spurður frekar um bakþanka sína eftir að hann hafði munnmök við brotþola í fyrra skiptið og af hverju hann hefði aftur haft munnmök við brotþola, úr því að hann var með bakþanka. Ákærði sagði að sér þættu munnmök mjög spennandi og það að brotþoli hafi viljað þau hafi þurrkað út alla bakþanka. Ákærði hefði hugsað með sér að þetta væri frábært, brotþoli vildi þetta og þetta gengi þá upp, jafnvel þó að þetta myndi bara gerast einu sinni. Spurður hvort það mætti draga þá ályktun af þessum orðum ákærða að honum hafi þegar upp var staðið verið sama um vinskapið sagði ákærði að hann hefði litið svo á að þeir gætu náð að yfirstíga þetta saman og þetta myndi ekki breyta miklu.

Brotþoli í máli þessu, A, skýrði frá því að hann hefði boðið í partí heim til sín á afmælisdegi ákærða. Þeir hefðu verið nokkrir strákar saman. Þeir hefðu haldið niður í bæ. Brotþoli sagði að ákærði hefði sagt sér að hann væri tvíkynhneigður og brotþoli sagt að honum þætti það bara flott hjá honum og reynt að peppa hann svolítið upp. Eftir að hafa verið niðri í bæ hafi brotþoli ásamt ákærða og tveimur öðrum farið heim til brotþola. Þeir hefðu haldið áfram að drekka og svo hefði brotþoli vísað strákunum til rúms. Einn hefði verið í sófanum í stofunni, annar verið í herbergi við hliðina á brotþola og ákærði í öðru herbergi. Brotþoli hefði svo lokað herbergi sínu á eftir sér, klætt sig úr öllu nema nærbuxunum og farið að sofa. Skömmu seinna, kannski milli klukkan níu og tíu, hefði brotþoli vaknað við umgang undir sænginni. Þá hafi það verið ákærði sem hafi verið kominn undir sængina og átt munnmök við brotþola. Brotþoli sagði að sér hefði brugðið mjög og hann hefði verið svefnþrúkkinn og ekki skilið hvað væri að gerast. Hann hefði ýtt við ákærða og rúllað sér yfir að glugganum og haldið áfram að sofa. Hann hefði haldið að þetta væri vondur draumur. Hann hefði svo vaknað aftur við þetta og áttað sig á því að þetta var ekki vondur draumur. Hann hefði verið með nærbuxurnar á ökkulunum og hann hefði lyft sænginni og séð hver hafi verið þarna að verki. Hann hefði spurt ákærða hvað hann væri að gera og ákærði hefði muldrað eitthvað um fyrirgefningu. Brotþoli hefði svo farið aftur að sofa, en hann hafi verið alveg búinn á því eftir daginn og nóttina. Þegar hann hefði vaknað um

hádegisbil hafi hann reynt að átta sig á því sem hafði gerst og séð ákærða liggja ennþá uppi í rúminu. Hann hefði farið fram og svo keyrt alla heim, en ákærði hafi verið sá síðasti sem hann keyrði heim. Í bílnum hefði hann spurt ákærða hvað hann hafi nú verið að gera og hvort hann gerði sér grein fyrir því að þetta hefði verið „borderline nauðgun“.

Um áfengisneyslu sína um kvöldið og nóttina sagði brotapolí að áður en hann fór niður í bæ hefði hann drukkið 5-7 bjóra og fengið sér vodkablöndu og eitthvað af orkudrykk, en því fylgi mikil ölvun. Niðri í bæ hefði hann drukkið Tequila skot, blöndu af Guinness og einhverju skoti. Hann hefði einnig drukkið bjóra. Þegar heim kom hafi hann drukkið einn eða tvo bjóra. Jafnframt sagði brotapolí að fyrr um kvöldið, heima hjá sér, hefðu þeir reykt kannabis og amfetamíns hefði verið neytt. Í miðbænum hafi svo verið neytt kókaíns. Brotapolí taldi að þeir hefðu komið heim úr miðbænum milli klukkan fimm og sex og svo hefðu þeir spjallað og drukkið bjór. Aðspurður kvaðst brotapolí ekki hafa verið mjög tímraður þegar hann vaknaði en hann hefði verið mjög miður sín. Nánar um neyslu fíkniefna sagði brotapolí að hann hefði reykt kannabis um kvöldið og þeir hefðu þrír neytt 1 g af amfetamíni, áður en þeir fóru niður í bæ. Þar hefði félagi hans keypt 2 g af kókaíni. Brotapolí kvaðst ekki viss um hvað hann hefði notað mikið af því, en það hefði ekki verið mikið og hann hefði fundið fyrir áhrifum. Þegar heim hafi verið komið gæti verið að hann hafi reykt meira kannabis en hann hefði ekki fundið fyrir miklum áhrifum þess.

Brotapolí kvaðst hafa spjallað við ákærða um kynhneigð hans og að honum hefði fundist ákærði svo niðurdreginn og hann viljað peppa hann upp. Þeir hefðu m.a. rætt að ákærði hefði haft munnmök við annan mann, með samþykki beggja, og þess vegna hefði ákærði komið tvíkynhneigður út úr skápnum. Þá sagði brotapolí að hann hefði aldrei gefið í skyn kynferðislegan áhuga á ákærða. Brotapolí væri algjörlega gagnkynhneigður og hann ætti kærustu. Einnig sagði brotapolí að honum hefði fundist ákærði óbeint bjóða sér kynferðisleg samskipti og hann hefði útskýrt fyrir honum að hann vildi ekki slíkt.

Nánar um atvik í rúmi brotapóla sagði brotapolí að honum hefði fundist sem kærasta sín, sem var úti í [...], væri komin heim og hún væri að gleðja hann, en svo hafi ekki verið. Hann hefði lyft upp sænginni, litið niður, séð ákærða hafa munnmök við sig, dauðbrugðið og allt hefði frosið. Hann hefði ýtt við ákærða og farið aftur að sofa. Brotapolí kvaðst ekki hafa orðið var við að ákærði hefði lagt höndina á magann og svo kynfærin. Þá sagði brotapolí að hann hefði ekki fengið sáðlát, alla vega ekki svo hann viti til. Brotapolí kvaðst ekki vita hvað það hefði liðið langur tími þar til ákærði hafði fyrst munnmök við hann og ákærði byrjaði aftur. Kannski hafi það verið fimm mínútur og allt að hálf tími, jafnvel meira.

Um líðan sína sagði brotapolí að sér væri búíð að líða hrikalega. Hann hefði t.d. misst vinnuna sem hann var í út af vanlíðan, en hann hafi ekki getað sinnt einföldu starfi. Hann sé búinn að flakka á milli vinnustaða og alltaf hafi honum verið sagt upp vegna óstöðugleika. Honum væri búíð að líða rosalega illa og honum finnist sem hann hafi verið sviptur stolti, trausti og virðingu. Hann hafi átt við kvíða að stríða áður og þetta atvik hefði ekki gert honum gott. Heimur hans hefði hrunið hægt og rólega eftir að þetta gerðist. Hann hefði fengið mikla hjálp hjá sálfræðingi, auk þess sem hann hefði fengið góðan stuðning frá fjölskyldu og vinum.

Brotapoli greindi frá því að hann hefði farið heim til systur sinnar eftir að hann var búinn að keyra B, C og ákærða heim. Hann hefði þá greint henni frá því sem hefði gerst, að maður hefði átt við hann munnmök þegar hann hafi verið sofandi. Einnig hefði hann sagt henni að hann ætlaði ekki að leggja fram kæru. Sama dag, eða daginn eftir, hefði brotapoli hringt í B og sagt honum frá því sem hefði gerst. Brotapoli sagði einnig að hann hefði ekki strax ætlað að segja kærustu sinni frá þessu, þar sem hann hefði ekki viljað skemma ferðina fyrir henni. Hann hefði svo sagt henni frá þessu og hún hvatt hann til að fara á Neyðarmóttökuna og að leggja fram kæru. Brotapoli sagði að hann hefði í fyrstu ekki ætlað að leggja fram kæru og haldið að þetta myndi ekki hafa áhrif á hann og lífið myndi hafa sinn gang, en þegar liðið hafi á vikuna hafi hann séð fram á annað og hann hafi því leitað til Neyðarmóttökunnar og sálfræðings.

Brotapola var kynnt að B og C hefðu hvor um sig borið um það hjá lögreglu að brotapoli hefði sagt þeim að hann hefði hent ákærða út úr herberginu og kvaðst hann ekki hafa sagt þetta. Brotapoli sagði jafnframt að hann hefði rætt atvik lítillaga við B, en hann og C hefðu ekkert rætt um þetta vegna þess að C vilji ekki tala við sig um þetta. Einnig var borið undir brotapola það sem fram kemur í fyrirliggjandi vottorði Sjafnar Everts dóttur sálfræðings varðandi vinnu hans. Nánar tiltekið að í vottorðinu segi að hann hafi átt erfitt með að stunda vinnu sem hann var í. Hann hafi verið yfirmaður á [...] í um tvö ár og í gegnum tíðina haldist vel á vinnu, en eftir meint brot hafi hann ekki getað haldið utan um það starf sem honum hafi verið ætlað vegna vanlíðunar og því þurft að segja upp. Brotapoli sagði að þetta væri rétt.

Vitnið D, systir brotapola, skýrði frá því að brotapoli hefði komið til sín daginn eftir meint brot og vitnið hefði strax séð að eitthvað væri að því að hann hefði verið hvítur í framan og hagað sér undarlega. Eftir smástund hefði vitnið spurt hvað væri í gangi og hann hefði þá sagt frá því sem hefði gerst nóttina áður. Hann hefði skýrt frá því að hafa verið með partí heima hjá sér eftir skemmtun niðri í bæ og vaknað við það að honum hafi verið nauðgað. Vitnið hefði spurt hvað hefði gerst og hann hefði sagt að það hefðu verið höfð munnmök við hann. Jafnframt sagði vitnið að mikil breyting hefði orðið á brotapola eftir þetta, en hann væri þyngri andlega og ætti rosalega erfitt. Fram kom hjá vitninu að brotapoli hefði í fyrstu ekki ætlað að segja félögum sínum frá þessu atviki og ætlað að bíða með að segja kærustu sinni frá þar til hún kæmi frá [...] en hann hefði svo ekki getað beðið og greint henni frá því.

Vitnið C kvaðst hafa verið að djamma heima hjá brotapola, en hann hefði verið einn heima. Það hefði verið gaman, þeir hefðu drukkið og farið niður í bæ. Þeir hefðu svo farið aftur heim til brotapola og drukkið meira. Vitnið hefði svo sofnað þar og farið heim daginn eftir. Vitnið var beðið um að lýsa drykkju þeirra umrætt sinn og sagði vitnið að þeir hefðu verið í drykkjuleikjum. Þeir hefðu svo farið niður í bæ á nokkra bari. Þeir hefðu svo farið heim til brotapola og þeir hefðu haldið áfram að drekka þar. Vitnið kvaðst hafa verið fyrst til að fara að sofa, en það hefði verið um klukkan sex um morguninn eða hálf sjö. B hefði farið að sofa á svipuðum tíma. Spurt hvort um mikla drykkju hafi verið að ræða sagði vitnið að þeir hefðu „alveg verið í glasi“ en vitnið hefði ekki verið við það að deyja heldur verið í góðum filing. Vitnið var einnig spurt hvort þeir hefðu neytt fikniefna og kvaðst vitnið hafa reykt gras niðri í bæ en það vissi ekki hvað hinir hefðu gert. Þá

greindi vitnið frá því að brotapolí hefði hringt í sig daginn eftir og sagt hvað hefði gerst og hann hefði verið mjög miður sín. Vitnið kvaðst hafa hitt brotapolá lítið eftir þetta. Nánar um það hvað brotapolí hefði sagt sagði vitnið að brotapolí hefði greint frá því að hafa vaknað við að ákærði hefði haft munnmök við sig. Brotapolí hefði ýtt honum frá sér og farið aftur að sofa. Borin var undir vitnið lögregluskýrsla þar sem segir að vitnið hafi sagt hjá lögreglu að brotapolí hefði vaknað aftur við að ákærði hafi verið að eiga við hann munnmök og hann hefði þá komið ákærða út úr herberginu. Vitnið sagði að það væri langt um liðið og það gæti verið að það hefði sagt þetta. Vitnið var spurt hvort það hefði séð ákærða sofandi í rúminu hjá brotapolá og kvaðst vitnið ekki hafa gert það. Vitninu var þá kynnt að samkvæmt lögregluskýrslu hafi vitnið skýrt frá því að það hefði farið inn í herbergi brotapolá eftir að það vaknaði og séð brotapolá liggja upp við vegginn með sængina yfir sér og ákærði hafi verið fullklæddur og legið alveg upp við rúmbríkina. Vitnið sagði að langt væri um liðið og það myndi ekki eftir þessu. Spurt hvort örvandi fíkniefna hafi verið neytt umrædda nótt sagði vitnið að þeir hefðu verið með spítt en það myndi ekki eftir að þeir hefðu verið með kókaín. Jafnframt var borið undir vitnið að í lögregluskýrslu sé haft eftir vitninu að það og brotapolí hefðu verið minnst drukknir þessa nótt og brotapolí hefði verið hress og skemmtilegur og staðfesti vitnið að hafa sagt þetta.

Vitnið B kvaðst hafa verið að djamma ásamt brotapolá, ákærða og C, en fyrr um kvöldið hefðu verið fleiri strákar með þeim. Þeir hefðu drukkið og farið niður í bæ og þeir hefðu svo fjórir farið í eftirpartí heima hjá brotapolá. Þar hefðu þeir drukkið og spjallað saman. Vitnið kvaðst svo hafa sofnað í sófanum. Þegar vitnið vaknaði hefði það séð brotapolá og hann hefði litið út fyrir að vera utan við sig. Brotapolí hefði ekki sagt neitt, sem hefði verið skrýtið, og skutlað vitninu heim. Brotapolí hefði svo hringt í vitnið daginn eftir og beðið sig um að koma út, en brotapolí hefði verið fyrir utan heimili vitnisins. Brotapolí hefði sagt vitninu frá því að hann hefði dreymt að kærasta sín væri að eiga við sig munnmök en hann hefði svo vaknað upp og ýtt ákærða frá sér. Brotapolí hefði farið aftur að sofa og vaknað aftur upp við ákærða að hafa við sig munnmök. Jafnframt kom fram hjá vitninu að brotapolí hefði átt erfitt þegar hann sagði frá þessu og hann hefði tárast. Spurt um tímasetningar sagði vitnið að þeir hefðu komið heim til brotapolá eftir lokun skemmtistaða niðri í bæ og vitnið hefði sofnað að það hélt um klukkan sex eða sjö. Vitnið var spurt hvort það væri rétt haft eftir því í lögregluskýrslu, en þar segir að vitnið hefði sagt að brotapolí hefði skýrt frá því að eftir að hann vaknaði í seinna skiptið við ákærða hefði hann rekið ákærða út úr herberginu. Vitnið sagði að svo væri en tók jafnframt fram að langt væri um liðið. Innt eftir fíkniefnaneyslu sagði vitnið að þeir hefðu reykt jónu og eitthvað spítt verið í gangi. Það gæti einnig verið að þeir hafi verið með kókaín. Sérstaklega um neyslu brotapolá sagði vitnið að hann hefði reykt undir lok kvöldsins og það gæti verið að hann hefði tekið spítt eða kókaín. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt kynferðislegt milli ákærða og brotapolá um kvöldið. Jafnframt sagði vitnið að brotapolí hafi verið nýbyrjaður með stelpu sem hann hafi verið búinn að vera mjög hrifinn af lengi. Einnig greindi vitnið frá því að brotapolí hefði lokað herberginu, þar sem hann svaf, á eftir sér. Vitnið hefði verið í tölvunni þegar brotapolí hafi ætlað að fara að sofa og hann hefði rekið vitnið út.

Vitnið E, unnusta brotapolá, kvaðst hafa verið stödd í [...] þegar brotapolí hefði hringt, á mánudegi að því er vitnið hélt. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvernig brotapolí hefði skýrt frá því sem hefði gerst, en þetta hefði verið mikið

sjokk fyrir vitnið. Borin var undir vitnið lögregluskýrsla þar sem segir að vitnið hafi sagt að brotþoli hefði greint frá því að hafa vaknað við að ákærði væri með typpi brotþola uppi í sér. Brotþoli hefði ýtt ákærða frá sér og ekki verið alveg viss hvað hafi verið að gerast. Hann hefði svo snúið sér á hina hliðina en aftur vaknað upp við að ákærði hafi verið að gera þetta. Brotþoli hefði síðan vaknað um morguninn og ákærði þá verið við hlið hans í rúminu. Vitnið sagði að þetta væri rétt og brotþoli hefði ekki vitað hvað hann átti að gera. Fram kom hjá vitninu að það hefði komið frá [...]. Þá sagði vitnið að það hefði farið degi síðar, [...], á vinnustað ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið ótrúlega reitt og sárt og það hefði viljað fá að heyra frá ákærða hvað hefði gerst. Vitnið hefði spurt ákærða hvort hann hefði gert þetta og ákærði hefði svarað já. Annars hefði ákærði sagt lítið. Vitnið hefði m.a. sagt við ákærða að hann hafi vitað að brotþoli var sofandi og ákærði sagði „já“. Einnig hefði ákærði grátið. Spurt af verjanda hvort það mætti segja að vitnið hefði hellt sér yfir ákærða kvaðst vitnið ekki hafa gert það, en vitnið hefði hins vegar verið mjög reitt og það hefði örugglega sagt eitthvað sem það hefði ekki átt að segja. Um líðan brotþola sagði vitnið að hann ætti erfitt með svefn og samskipti hans við fólk hefðu dalað. Þá forðist hann erfiðar aðstæður og væri þungur andlega. Aðspurt staðfesti vitnið framburð sinn hjá lögreglu um að brotþoli hefði í fyrstu ekki viljað leggja fram kæru en vitnið hefði hvatt hann til þess.

Vitnið *Sjöfn Evertsdóttir* sálfræðingur sagði að samkvæmt greiningarmati sínu á líðan brotþola, eftir meint kynferðisofbeldi, hafi hann þjáðst af áfallastreituröskun í kjölfar þess og þunglyndi. Hann hafi verið í meðferð og það sé fyrirséð að hann verði áfram í meðferð þar sem hann upplifi enn öll greiningarviðmið áfallastreituröskunar. Þá sagði vitnið að brotþoli hefði verið mjög samkvæmur sjálfum sér og einlægur í frásögn sinni. Hann hefði sýnt veruleg dofaeinkenni í byrjun og átt erfitt með að trúa því hvað hefði gerst. Líðan hans hefði svo versnað töluvert og hann væri enn að upplifa alvarleg áfallastreitueinkenni. Um batahorfur brotþola sagði vitnið að það væri erfitt að segja til um þær.

Vitnið F greindi frá því að brotþoli hefði verið fastráðinn starfsmaður hjá [...] en hann hefði oft hætt og svo byrjað aftur. Hann hefði verið búinn að segja upp föstu starfi sínu fyrir september 2012 og alveg hætt í nóvember það ár. Þá sagði vitnið að brotþoli hefði um tíma starfað sem yfirmaður en hætt því í maí eða júní 2012.

Vitnisburður F var kynntur brotþola og sagði hann að það væri rétt að hann hefði sagt upp starfi sínu fyrir [...] 2012. Ástæða þess hefði verið sú að hann hefði óvænt farið til [...] um mánaðamótin júní/júlí 2012, þ.e. hann hefði í raun stungið af, og komið aftur en þá hafi fólk þar verið brjáláð út í sig og hann hafi því sagt upp. Hann hefði svo rætt við F um að fá að koma aftur. Það hefði staðið þannig á að starfsmaðurinn sem tók við af brotþola hefði slasast í vinnunni og brotþoli hafi þá fengið vinnu sem afleysingamaður, en það hefði samt verið yfirmannsstaða. Brotþoli hefði svo þurft að hætta starfinu vegna vanlíðunar eftir meinta nauðgun.

#### IV.

Ákærði neitar sök. Samkvæmt því sem fram er komið í málinu virðist meint brot hafa átt sér stað aðfaranótt laugardagsins [...] 2012, en ekki aðfaranótt sunnudags sem var [...]. Hvora nóttina sem þetta hefur verið þá hefur það ekki

sérstaka þýðingu í málinu og vörn ákærða hefur í engu verið áfátt vegna þessa annmarka í ákæru.

Eins og rakið hefur verið var samkvæmi heima hjá brotþola. Samkvæmt framburði ákærða og brotþola hófu þeir neyslu áfengis um klukkan átta um kvöldið og var mikið drukkið. Þeir fóru svo ásamt fleirum niður í bæ og þar var haldið áfram drykkju. Líklega hefur klukkan verið fimm um nóttina þegar ákærði, brotþoli, B og C fóru aftur heim til brotþola og hélt brotþoli áfram drykkju, en hann hefur drukkið einn eða tvo bjóra. Þá hefur komið fram í málinu að þeir hafi neytt fíkniefna. Nánar tiltekið kveðst brotþoli hafa reykt kannabis fyrr um kvöldið, heima hjá sér, og neytt amfetamíns. Einnig hafi hann fengið sér kokaín í miðbænum og það gæti verið að hann hafi reykt kannabis þegar hann kom heim til sín um nóttina. Brotþoli kveður að um lítið magn fíkniefna hafi verið að ræða og fær það stuðning í vitnisburði B og C fyrir dómi.

Ákveðið hafði verið að ákærði, B og C myndu gista heima hjá brotþola og einhvern tímann á tímabilinu frá klukkan sex til sjö um morguninn vísaði brotþoli þeim á svefnstaði sína og átti ákærði að gista í herbergi sem var nokkru frá brotþola. Ákærði kveðst ekki hafa getað sofnað. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagði hann að það hefðu liðið 10-15 mínútur frá því allir fóru að sofa og þar til hann fór inn í herbergi til brotþola og spurði hvort hann mætti fara í tölvuna þar. Fyrir dómi gerði hann minna úr tímanum sem leið og sagði að það hefðu verið fimm mínútur. Þá hefur ákærði greint frá því að brotþoli hafi ekki opnað augun og muldrað já. Ákærði kveðst hafa verið í tölvunni í 15-30 mínútur og allan þann tíma hafi brotþoli legið hreyfingarlaus í rúminu. Framburður ákærða fyrir dómi um ástæðu þess að hann lagðist upp í hjá brotþola er mótsagnakenndur. Fyrst sagði hann að engin sérstök hugsun hefði verið á bak við það en sagði svo að hann hefði verið dasaður. Samt sem áður hafi hann langað til að eiga í „kynferðislegu athæfi við einhvern“. Hann kveðst hafa lagt höndina á maga brotþola sem sýndi engin viðbrögð. Ákærði hafi svo fært höndina á kynfæri brotþola og þá hafi brotþoli klætt sig úr nærbuxunum en ekki sagt neitt. Ákærði hafi svo haft munnmök við brotþola en hætt af sjálfsdáðum og sest aftur við tölvuna, vegna þess að hann hafi verið með bakþanka, þ.e. ekki verið viss hvort hann vildi þetta sjálfur. Ákærði kveðst hafa sagt „sorry“ við brotþola, en þá hafi brotþoli sagt við ákærða „gjörðu svo vel X“ og ákærði haft aftur við hann munnmök.

Brotþoli lýsir hins vegar atvikum þannig að hann hafi vaknað við að ákærði var undir sæng sinni að hafa við sig munnmök. Brotþoli hafi verið svefndrukinn og ýtt við ákærða, vafið um sig sængina, fært sig upp að vegg og haldið áfram að sofa. Hann hafi svo vaknað aftur við að ákærði var að hafa munnmök við sig. Hann hafi þá spurt ákærða hvað hann væri að gera og ákærði muldrað eitthvað um fyrirgefningu. Brotþoli hefði svo farið aftur að sofa. Brotþoli neitar því alfarið að hafa klætt sig úr nærbuxunum eða sagt „gjörðu svo vel“ við ákærða.

Fram hefur komið í málinu að ákærði hafði fyrr um kvöldið eða nóttina minnst á það við brotþola að hann gæti alveg spurt sig ef hann langaði til að gera eitthvað kynferðislegt með sér en brotþoli hafi svarað neitandi. Þá vissi ákærði að brotþoli átti kærustu. Þrátt fyrir þetta lagðist ákærði upp í rúm hjá brotþola og leitaði á hann. Í ljósi þess að brotþoli hafði neytt mjög mikils magns áfengis frá því klukkan átta kvöldið áður og fór ekki að sofa fyrr en í fyrsta lagi klukkan sex

um morguninn fær það fyllilega staðist að hann hafi ekki getað spornað við kynferðismökunum vegna ölvunar og svefndruna. Þá hefur ákærði sjálfur lýst því að brotþoli hafi sýnt öll merki þess að hafa verið sofandi þegar hann lagði hönd sína á maga og kynfæri brotþola. Að þessu virtu og samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu er engin ástæða til að ætla að brotþoli hafi í raun verið vakandi vegna áhrifa örvandi efna.

Brotþoli hefur greint frá atvikum með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi og verið einlægur og trúverðugur í frásögn sinni. Að mati dómsins er engin ástæða til að efast um trúverðugleika hans þótt hann kunni að hafa sagt við B og C að hann hafi rekið ákærða út úr herberginu. Það dregur heldur ekki úr trúverðugleika brotþola að hann hafi ekki að fyrri bragði greint frá fíkniefnanotkun við skýrslutöku hjá lögreglu. Þá hefur brotþoli gefið skýringar á ósamræmi sem virtist vera í framburði hans og vitnisins F um starfslok hans hjá [...]. Öll hegðun brotþola bæði fyrir og eftir meint brot bendir eindregið til þess að hann hafi ekki verið samþykkur kynmökunum við ákærða. Skal í þessu sambandi áréttað að hann hafði sagt við ákærða að hann hefði ekki kynferðislegan áhuga á ákærða og vitnið B hefur borið um það að hafa tekið eftir því þegar þeir vöknudu um hádegisdag og brotþoli keyrði vitnið heim að ekki væri allt með felldu. Brotþoli greindi B svo frá því sem gerðist sama dag eða degi síðar. Vitnið C hefur einnig borið um að brotþoli hafi sagt sér frá broti ákærða degi síðar og að hann hafi verið mjög miður sín. Jafnframt hefur komið fram að brotþoli fór sama dag og brotið átti sér stað til D, systur sinnar, og hefur hún vitnað um að greinilega hefði eitthvað verið að og þegar hún hafi gengið á hann hafi hann skýrt henni frá atvikum. Enn fremur styður vitnisburður Sjafnar Evertsdóttur sálfræðings framburð brotþola um að ákærði hafi haft við hann munnmök gegn vilja hans, en vitnið bar um að brotþoli hafi öll greiningarviðmið áfallastreituröskunar. Auk þess telur dómurinn ýmislegt í framburði ákærða styðja sakfellingu, eins og það að hann bað brotþola afsökunar fyrst eftir að hann hafði munnmök við hann, aftur þegar brotþoli keyrði hann heim og hann kinkaði kolli þegar kærasta ákærða bar upp á hann sakir nokkrum dögum síðar. Er áleitinn sú spurning af hverju hann gerði allt þetta ef brotþoli var kynmökunum samþykkur og hefur ákærði að mati dómsins ekki gefið trúverðugar skýringar á þessu háttalagi.

Þegar litið er til alls framangreinds, framburðar ákærða, sem dómurinn telur ótrúverðugan, trúverðugs framburðar brotþola, sem fær stuðning í framburði vitna, er sannað svo hafði sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

V.

Ákærði er fæddur [...] 1992. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að hann hefur gerst sekur um alvarlegt brot og horfir það til refsíþyngingar. Á móti kemur að hann var ungur að árum er hann framdi brotið. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Vegna alvarleika brotsins kemur ekki til álita að skilorðsbinda refsingu hans að neinu leyti.

Í málinu liggur fyrir bótakrafa brotþola, að fjárhæð 1.000.000 króna, auk vaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot og ber hann

skaðabótaábyrgð á því tjóni brotaþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Fyrir liggur vottorð sálfræðings um alvarlegar afleiðingar brots ákærða á andlega líðan brotaþola og að ekki sé hægt að segja til um hvort og hvenær brotaþoli nær bara. Þykja miskabætur brotaþola hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Upphafstími vaxta skal vera 23. september 2012, eins og krafist er í ákæru, en dráttarvextir skulu reiknast frá 3. nóvember 2012 þegar liðinn var mánuður frá birtingu kröfunnar fyrir ákærða hjá lögreglu, sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Með vísan til 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber ákærða að greiða sakarkostnað. Um er að ræða þóknun verjanda, sem er hæfilega ákveðin 439.250 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og þóknun réttargæslumanns, sem er ákveðin 251.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómaramarnir Sandra Baldvinsdóttir, Gunnar Aðalsteinsson og Sveinn Sigurkarlsson.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði A 800.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 23. september 2012 til 3. nóvember 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 690.250 krónur í sakarkostnað, þar með talda 439.250 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Hauks Guðmundssonar héraðsdómslögmanns, og 251.000 króna þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur héraðsdómslögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir

Gunnar Aðalsteinsson

Sveinn Sigurkarlsson